

Nr. 122 / 13 Magnús SH 205***Eldur um borð***

Skipaskr.nr. 1343 IMO nr. 7350612
Smíðaður: Akureyri 1974, stál
Stærð: 142 brl. 231 bt.
Mesta lengd: 31,45 Skráð lengd: 28,2
Breidd: 6,7 m Dýpt: 5,6 m
Vél: Cummins 671 kW, 2005
Fjöldi skipverja:



Magnús©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrslur
Gögn RNS

Málið afgreitt og vísað frá á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 30. júlí 2013 var Magnús SH 205 í slipp á Akranesi.

Verið var að vinna við endurbætur á skipinu og var það stutt inn í skipasmiðstöðinni þegar eldur kom upp í því. Um 40 slökkviliðmenn tóku þátt í slökkvistarfinu og það tókst að ná því út úr húsinu án þess að eldur bærst í það. Skorin voru göt á skipið til að koma froðu að eldinum og þannig tókst að slökkva hann. Miklar skemmdir urðu á skipinu. (*Myndin sýnir slökkviliðsmenn að störfum*)

**Atvikið var rannsakað af tæknideild lögreglunnar og var niðurstaða hennar eftirfarandi:**

Eftir vettvangsrannsókn og viðtöl við vitni er ljóst að upptök elds voru í matsal stjórnborðsmegin í skipinu. Engin suðuvinna fór fram í skipinu á þeim stað á þessum tíma en inni í þessum sal á þeim stað þar sem ljóst er af verksummerkjum að ráða að eldsupptök voru, lágu rafmagnssnúður og fjöltengi tengdar við rafmagn og rafmagnstæki. Allar líkur eru því á því að upptök elds megi rekja til bilunar í rafmagnstengi eða fjöltengi, en þar sem ekkert plast eða annað fannst vegna mikils hita sem var við brunann er ekki hægt að finna hlutinn sem olli íkveikjunni. Aðrir orsakafættir, raf- og logsuða eða saknæmt athæfi, hafa verið útilokaðir.